



Akraneskaupstaður
Regína Ásvaldsdóttir
Stíllholt 16-18
300 Akranesi

Hvalfjarðarsveit
Innrímel 3
301 Akranes
Sími : 433 8500
Fax : 433 8501
Kt. 630606-1950

23.03.2016

1603003 SMS

Málefni fatlaðra.

Á fundi sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar sem haldinn var 22. mars 2016 var tekið fyrir mál, Málefni fatlaðra.

Eftirfarandi bókun var gerð:

Fjölskyldunefnd tekur jákvætt í erindi Akraneskaupstaðar um sameiginlegan rekstur þjónustuvæðis í málefnum fatlaðra og að sótt verði um undanþágu frá stærðarviðmiði. Fjölskyldunefnd leggur til við sveitastjórn Hvalfjarðarsveitar að hefja viðræður við Akraneskaupstað varðandi áframhaldandi samstarf.

Oddviti lagði fram eftirfarandi tillögu:

"Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar samþykkir erindi Akraneskaupstaðar og felur sveitarstjóra og félagsmálastjóra að eiga viðræður við fulltrúa Akraneskaupstaðar um myndun sameiginlegs þjónustuvæðis sveitarfélaganna."

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Það tilkynnist hér með

Með kveðju,

Skúli Þórðarson
Sveitarstjóri

skuli@hvalfjardarsveit.is